



Innkauparáð
Borgartún 12-14

Reykjavík, 14. desember 2018

Efni: Beiðni um undanþágu frá innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Með bréfi velferðarsviðs Reykjavíkur, dags. 3. apríl 2014, til innkaupadeildar Reykjavíkurborgar óskaði velferðarsvið eftir álit á því hvort efni samninga milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Námsflokka Reykjavíkur félli undir skilgreiningu á félagsþjónustu, sbr. i-lið 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Um var að ræða samninga um kennslu í Kvenna- og Karlasmiðjunni og Grettistaki sem eru félagsleg endurhæfingarúræði sem rekin eru á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Um er að ræða þjónustu og verkefni sem sveitarfélögum eru falin með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum. Samkvæmt bréfi innkaupadeildar Reykjavíkurborgar, dags. 25. apríl 2014, fellur efni áður nefndra samninga að skilgreiningu á félagslegri þjónustu í skilningi i-liðar 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Með bréfi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 8. maí 2014, til innkauparáðs var þess farið á leit við innkauparáð að veitt yrði heimild til undanþágu frá 11. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar til þriggja ára. Með bréfi innkauparáðs, dags. 16. maí 2014, var erindi velferðarsviðs Reykjavíkur frá 8. maí 2014 samþykkt.

Með vísan til framangreinds óskar velferðarsvið Reykjavíkurborgar eftir heimild innkauparáðs til að víkja frá ákvæði 11. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar um skyldu til innkaupa á grundvelli innkaupaferlis, sbr. 1. mgr. 13. gr. innkaupareglnanna. Um er að ræða samninga um kennslu í Kvenna- og Karlasmiðjunni. Það er mat velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að þeir samningar sem hér um ræðir séu sambærilegir eldri samningum sem innkaupadeild staðfesti að félli að skilgreiningu á félagslegri þjónustu í skilningi i-liðar 13. gr. innkaupadeildar Reykjavíkurborgar. Er því vísað í fyrrnefnt minnisblað innkaupadeildar, dags. 25. apríl 2014.

Efni umræddra samninga varðar mikilvæga þjónustu fyrir einstaklinga sem eiga langa sögu um félagslega erfiðleika, hafa litla eða brotna skólagöngu og hafa verið lengi utan vinnumarkaðar og verið með fjárhagsaðstoð til framfærslu til lengri tíma. Um er að ræða þjónustu fyrir viðkvæman hóp einstaklinga og er mikilvægt að sá aðili sem tekur við rekstri þjónustunnar sé að mati velferðarsviðs hæfur til að veita þá þjónustu sem fjallað er um í þjónustulýsingu fyrir úrræðin.

Fyrri samningar um Karlasmiðjuna og Kvennasmiðjuna tóku gildi 6. janúar 2014 en samþykkt innkauparáðs, dags. 16. maí 2014, var samþykkt til þriggja ára, þ.e. frá því samningarnir tóku gildi. Í samræmi við framangreint þá féll heimild innkauparáðs til undanþágu frá innkaupareglum Reykjavíkur úr gildi í janúar 2017. Vegna mistaka var ekki sótt um nýja undanþágu vegna síðustu tveggja ára og er beðist velvirðingar á því. Er því annars vegar óskað eftir því að innkauparáð veiti undanþágu vegna þeirra samninga sem þegar hafa verið gerðir,

þ.e. vegna áráanna 2017 og 2018. Samanlagður kostnaður samninga um Karla- og Kvennasmiðjuna fyrir árin 2017 og 2018 nam kr. 27.554.200.-.

Hins vegar er óskað eftir undanþágu innkauparáðs frá innkaupareglum Reykjavíkurborgar til að gera sambærilega samninga vegna Kvenna- og Karlasmiðjunnar til tveggja ára þannig að heimilt sé að gera aftur sambærilega samninga við sömu aðila innan þess tíma ef þörf krefur. Ekki eru fyrirbyggjandi drög að samningum fyrir Karla- og Kvennasmiðjuna fyrir árin 2019 og 2020 en samningarnir verða sambærilegir þeim samningum sem gerðir hafa verið undanfarin ár. Samanlagður áætlaður kostnaður af samningum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við Námsflokka Reykjavíkur árin 2019 og 2020 er á bilinu kr. 25.000.000.- til 30.000.000.- en umrædd þjónusta er ekki viðrisaukaskattskyld.

Ef nánari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

Virðingarfyllst,

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,



Kristín Björg Sigurvinsdóttir,
lögfræðingur

Fylgigögn:

1. Samningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Námsflokka Reykjavíkur um kennslu í Karlasmiðjunni, dags 21. desember 2017.
2. Samningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Námsflokka Reykjavíkur um kennslu í Karlasmiðjunni, dags 21. desember 2017.
3. Samningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Námsflokka Reykjavíkur um kennslu í Kvennasmiðjunni, dags 21. desember 2017.
4. Samningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Námsflokka Reykjavíkur um kennslu í Kvennasmiðjunni, dags 24. mars 2017.
5. Samningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Námsflokka Reykjavíkur um kennslu í Karlasmiðjunni, dags 24. mars 2017.
6. Bréf innkauparáðs, dags. 16. maí 2014.
7. Minnisblað fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 25. apríl 2014.



Velferðarsvið, f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14 í Reykjavík, í samningi þessum nefnt þjónustukaupi og Námsflokkar Reykjavíkur, kt. 530269-7609 Suðurlandsbraut 32 í samningi þessum nefnd þjónustusali, gera með sér svohljóðandi:

samning um kennslu fyrir Karlasmiðju 10

1. gr. Gildissvið

Samningur þessi tekur til kennslu hjá Námsflokki Reykjavíkur, tímabilið 4. janúar 2018 - 31. desember 2018 fyrir Karlasmiðju 10 sem er 18 mánaða endurhæfingartilboð fyrir 9 karla á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

2. gr. Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á V. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

Í verkefnum þeim sem Námsflokki Reykjavíkur tekur að sér samkvæmt samningi þessum skal unnið á grundvelli mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar þann 16. maí 2006 og endurskoðuð 7. maí 2013.

3. gr. Markmið

Markmið endurhæfingarinnar er að styrkja þá einstaklinga sem ekki hafa verið á vinnumarkaðnum um nokkurt skeið til að verða færari um að komast út á vinnumarkaðinn á ný og/eða í áframhaldandi nám. Einnig að þátttakendur verði virkari í samfélaginu, öðlist bætta sjálfsmynd og sjálfsvirðingu.

4. gr. Þjónusta sem samið er um

Þjónustusali annast þann hluta í starfsemi Karlasmiðju sem lýtur að kennslu, samtals 615 kennslustundir auk þess er greiddar 174 kennslustundir fyrir náms- og starfsráðgjöf, sérkennslu og umsjón fyrir tímabilið 4. janúar 2018 - 31. desember 2018

Kennsla fer fram í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur á Suðurlandsbraut 32, fjóra virka daga í viku, frá kl. 9 til 12 sbr. ofangreint tímabil alls er greitt fyrir 16 kennslustundir á viku. Engin kennsla fer fram 16. júní 2018 - 14. ágúst

65
JK

2018. Kennsla fer fram skv. stundarskrá. Kennsla og starfsþjálfun verður einstaklingsbundin, þar sem nemendur munu fara í starfsþjálfun á vinnustaði í samræmi við áhuga og getu. Námsáætlun og stundarskrá skal unnin í nánú samráði við hópstjóra, ábyrgðarmenn Karlasmiðju á velferðarsviði Reykjavíkurborgar og stýrihóp verkefnisins.

Kennsla fer fram í formi fyrirlestra, vettvangsferða, starfsþjálfunar og verkefnavinnu, auk náms- og starfsráðgjafar. Kennsla, kennslugögn, húsnæði, umsýslukostnaður og kaffi/te er innifalið í greiðslum til þjónustusala. Námsfni, framsetning og framvinda náms er sniðin að þörfum og stöðu þátttakenda.

Reglulegt samstarf varðandi daglegan rekstur verkefnisins er við hópstjóra Karlasmiðju 9. Verkefnastjóri á skrifstofu velferðarsviðs sér um frágang tryggingamála vegna starfsþjálfunar nemenda í Karlasmiðju 9, í samstarfi við Námsflokka Reykjavíkur.

Umsýsla verkefnisins, samstarf við verkefnisstjóra á skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og fulltrúa stýrihóps, reglulega og eftir þörfum m.a. um þau álitamál er upp kunna að koma.

Mætingar skulu ávallt skráðar niður og tilkynntar til hópstjóra lok hverrar viku og oftast skv. nánara samkomulagi. Nemendur skulu tilkynna forföll til Námsflokka Reykjavíkur. Reglulegt samstarf og fundir skulu vera við hópstjóra verkefnisins, auk þess mun verkefnastjóri á velferðarsviði og framkvæmdastjóri Námsflokka Reykjavíkur funda a.m.k. einu sinni í mánuði.

5.gr. Greiðslur til þjónustusala

Þjónustukaupi greiðir þjónustusala kr. 7.800 fyrir hverja kennslustund alls 615 kennslustundir samtals kr.4.797.000 fyrir kennslu. Auk þess greiðir þjónustukaupi þjónustusala kr. 717.600 fyrir umsjón og 639.600 fyrir skráningar og eftirfylgd náms- og starfsráðgjöf, sérkennslu, skráningu og umsjón sbr. 4 gr. þessa samnings. Fyrrgreindar fjárhæðir taka ekki breytingum á gildistíma samningsins og eru þær ekki verð- eða vísitölutryggðar. Þjónustusali sendir reikninga til þjónustukaupa. Einnig greiðir þjónustukaupi fyrir hráefni í matreiðslu, alls 8 skipti kr. 800 kr. pr. nema alls 57.600 kr. og alls 160.000 kr. fyrir efniskostnað vegna list- og verkgreina.

Greiðsla alls kr. 6.371.800 fer fram í tveimur jöfnum greiðslum sem verða greiddar í júní 2018 og desember 2018.

6. gr. Vanefndir og riftun

JA 54

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu þjónustukaupi og þjónustusali leitast við að jafna ágreining sinn.

Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr vanefndum sínum.

7. gr. Trúnaður

Þjónustusala og starfsmönnum hans er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglum eða samkvæmt eðli máls. Trúnaðarskylda helst þótt viðkomandi láti af starfi sínu. Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang.

8. gr. Framsál samnings til þriðja aðila

Samningsaðilum er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

9. gr. Breytingar á samningi

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

10. gr. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi 4. janúar 2018 og gildir til 31. desember 2018

Aðilar samnings eru sammála um að stefna að þróun áframhaldandi samstarfs.


Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, sitt eintakið handa hvorum aðila.

Reykjavík 21. desember 2018

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar


Stefanía Sörheller
verkefnastjóri

f.h. Námsflokka Reykjavíkur


Þórunn Antonsdóttir
forstöðumaður



Velferðarsvið, f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14 í Reykjavík, í samningi þessum nefnt þjónustukaupi og Námsflokkar Reykjavíkur, kt. 530269-7609 Suðurlandsbraut 32 í samningi þessum nefnd þjónustusali, gera með sér svohljóðandi:

Samningur um kennslu fyrir Karlasmiðju 9

1. gr. Gildissvið

Samningur þessi tekur til kennslu hjá Námsflokkum Reykjavíkur, tímabilið 4. janúar 2018 – 20. júní 2018 fyrir Karlasmiðju 9 sem er 18 mánaða endurhæfingartilboð fyrir 7 karla á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

2. gr. Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á V. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

Í verkefnum þeim sem Námsflokkar Reykjavíkur tekur að sér samkvæmt samningi þessum skal unnið á grundvelli mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar þann 16. maí 2006 og endurskoðuð 7. maí 2013.

3. gr. Markmið

Markmið endurhæfingarinnar er að styrkja þá einstaklinga sem ekki hafa verið á vinnumarkaðnum um nokkurt skeið til að verða færari um að komast út á vinnumarkaðinn á ný og/eða í áframhaldandi nám. Einnig að þátttakendur verði virkari í samfélaginu, öðlist bætta sjálfsmynd og sjálfsvirðingu.

4. gr. Þjónusta sem samið er um

Þjónustusali annast þann hluta í starfsemi Karlasmiðju sem lýtur að kennslu, samtals 276 kennslustundir auk þess er greidd 81 kennslustund fyrir náms- og starfsráðgjöf, sérkennslu og umsjón fyrir tímabilið 4. janúar 2018 – 20. júní 2018

Kennsla fer fram í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur á Suðurlandsbraut 32, þrjá virka daga í viku, frá kl. 9 til 12 sbr. ofangreint tímabil alls er greitt fyrir 12 kennslustundir á viku. Kennsla fer fram skv. stundarskrá. Kennsla og

starfsþjálfun verður einstaklingsbundin, þar sem nemendur munu fara í starfsþjálfun á vinnustaði í samræmi við áhuga og getu. Námsáætlun og stundarskrá skal unnin í nánú samráði við hópstjóra, ábyrgðarmenn Karlasmiðju á velferðarsviði Reykjavíkurborgar og stýrihóp verkefnisins.

Kennsla fer fram í formi fyrirlestra, vettvangsferða, starfsþjálfunar og verkefnavinnu, auk náms- og starfsráðgjafar. Kennsla, kennslugögn, húsnæði, umsýslukostnaður og kaffi/te er innifalið í greiðslum til þjónustusala. Námsefni, framsetning og framvinda náms er sniðin að þörfum og stöðu þátttakenda.

Reglulegt samstarf varðandi daglegan rekstur verkefnisins er við hópstjóra Karlasmiðju 9. Verkefnastjóri á skrifstofu velferðarsviðs sér um frágang tryggingamála vegna starfsþjálfunar nemenda í Karlasmiðju 9, í samstarfi við Námsflokka Reykjavíkur.

Umsýsla verkefnisins, samstarf við verkefnisstjóra á skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og fulltrúa stýrihóps, reglulega og eftir þörfum m.a. um þau álitamál er upp kunna að koma.

Mætingar skulu ávallt skráðar niður og tilkynntar til hópstjóra lok hvernar viku og oftast skv. nánara samkomulagi. Nemendur skulu tilkynna forföll til Námsflokka Reykjavíkur. Reglulegt samstarf og fundir skulu vera við hópstjóra verkefnisins, auk þess mun verkefnastjóri á velferðarsviði og framkvæmdastjóri Námsflokka Reykjavíkur funda a.m.k. einu sinni í mánuði.

5.gr.

Greiðslur til þjónustusala

Þjónustukaupi greiðir þjónustusala kr. 7.800 fyrir hverja kennslustund alls 357 kennslustundir samtals kr.2.152.800 fyrir kennslu. Auk þess greiðir þjónustukaupi þjónustusala kr. 358.800 fyrir umsjón og 273.000 fyrir skráningar og eftirfylgd náms- og starfsráðgjöf, sérkennslu, skráningu og umsjón sbr. 4 gr. þessa samnings. Fyrirgreindar fjárhæðir taka ekki breytingum á gildistíma samningsins og eru þær ekki verð- eða vísitölutryggðar. Þjónustusali sendir reikninga til þjónustukaupa. Einnig greiðir þjónustukaupi fyrir hráefni í matreiðslu, alls 8 skipti kr. 800 kr. pr. nema alls 44.800 kr. og alls 80.000 kr. fyrir efniskostnað vegna list- og verkgreina.

Greiðsla alls kr. 2.909.400 fer fram í einni greiðslu í júní 2018

6. gr.

Vanefndir og riftun

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu þjónustukaupi og þjónustusali leitast við að jafna ágreining sinn.

Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr vanefndum sínum.

7. gr.
Trúnaður

Þjónustusala og starfsmönnum hans er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglum eða samkvæmt eðli máls. Trúnaðarskylda helst þótt viðkomandi láti af starfi sínu. Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang.

8. gr.
Framsál samnings til þriðja aðila

Samningsaðilum er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

9. gr.
Breytingar á samningi

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

10. gr.
Gildistími


Samningur þessi tekur gildi 4. janúar 2018 og gildir til 20. júní 2018

Aðilar samnings eru sammála um að stefna að þróun áframhaldandi samstarfs.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, sitt eintakið handa hvorum aðila.


Reykjavík xx21. desember 2018⁷

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar



Stefanía Sörheller
verkefnastjóri

f.h. Námsflokka Reykjavíkur



Iðunn Antonsdóttir
forstöðumaður

Fylgiskjöl

1. Stundarskrá verkefnisins
2. Námslýsingar
3. Yfirlit v. starfs- og námsráðgjafar



Velferðarsvið, f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík (í samningi þessum nefnt Þjónustukaupi) og Námsflokkar Reykjavíkur, kt. 530269-7609, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík (í samningi þessum nefndir þjónustusali) gera með sér svohljóðandi:

Samning um Kvennasmiðju 21

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi tekur til kennslu fyrir Kvennasmiðju 21, sem er 18 mánaða endurhæfingartilboð fyrir 19 mæður á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Kvennasmiðja 21

Samið er um kennslu frá 4. janúar 2018 – 30. mars 2019

2. gr.

Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á V. og XIII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

Þjónustuna sem Námsflokkar Reykjavíkur taka að sér að veita ber að vinna skv. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar þann 16. maí 2006 og endurskoðun hennar samþykkt í borgarstjórn 7. maí 2013.

3. gr.

Markmið

Markmiðið er að styrkja mæður sem hafa um nokkurt skeið verið utan vinnumarkaðar og styðja þær til sjálfshjálpar. Miðað er að því að auka lífsgæði þeirra þannig að þær verði virkari í samfélaginu og öðlist bætta sjálfsmynd.

4. gr.

Þjónusta sem samið er um

Þjónustusali annast þann hluta í starfsemi Kvennasmiðju 21 sem lýtur að kennslu fyrir þátttakendur, samtals 560 kennslustundir. Kennslutímabil eru frá 4. janúar 2018 til 31. maí 2018 og frá 1. desember 2018 til 30. mars 2019.

Kennsla fer fram í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur að Suðurlandsbraut 32, fjóra virka daga í viku frá kl. 9 til 12. Seinustu þrjá mánuði tímabilsins fer kennsla fram fimm virka daga í viku frá kl. 9 til 12.

Kennsla fer fram í formi fyrirlestra og verkefnavinnu, auk náms- og starfsráðgjafar. Kennsla, kennslugögn, húsnæði, umsýslukostnaður og kaffi/te er innifalið í greiðslum til þjónustusala. Námsfni, framsetning og framvinda náms er sniðin að þörfum og stöðu þátttakenda. Námsáætlun og stundarskrá skal unnin í nánú samráði við ábyrgðarmenn Kvennasmiðju 21 á velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Námsflokkar Reykjavíkur skulu veita þátttakendum markvissan stuðning til að undirbúa þá til að komast í frekara nám eða út í atvinnulífið en sérstök áhersla skal vera á þessa þætti. Einnig skal vera reglulegt samstarf um daglega umsýslu verkefnisins og þau álitamál er upp kunna að koma. Séu nemendur í starfsþjálfun á meðan á námi stendur skal verkefnastjóri á skrifstofu velferðarsviðs annast nauðsynlegar tryggingar vegna þess í náinni samvinnu við Námsflokka Reykjavíkur..

Mætingar þátttakenda skulu skráðar reglulega niður og tilkynntar til ábyrgðarmanns Kvennasmiðju 21. Nemendur skulu tilkynna forföll til Námsflokka Reykjavíkur þá daga sem kennsla fer fram á þeirra vegum. Þjónustukaupi annast öflun upplýstis samþykkis þátttakenda um leyfi Námsflokka Reykjavíkur til að miðla upplýsingum um skólasókn til velferðarsviðs.

5. gr.

Greiðslur til þjónustusala og gildistími samnings

Þjónustukaupi greiðir þjónustusala kr. 7.800 fyrir hverja kennslustund, samtals 560 kennslustundir, kr. 4.368.000 á samningstímanum. Greiðslur dreifast þannig yfir tímabilið; í júní 2018 eru greiddar kr. 1.456.000 í september 2018 eru greiddar kr. 1.456.000 og febrúar 2019 eru greiddar kr. 1.456.000. Auk þess greiðir þjónustukaupi með seinustu greiðslu þjónustusala kr. 1.170.000 fyrir 150 kennslustundir í náms- og starfsráðgjöf, sérkennslu, skráningu og umsjón sbr. 4 gr. þessa samnings.

Fyrrgreindar fjárhæðir taka að öðru leyti ekki breytingum á gildistíma samningsins og eru þær ekki verð- eða vísitölutryggðar. Þjónustusali sendir reikning til þjónustukaupa.

6. gr.

Trúnaðarskylda

Starfsmönnum er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglum eða samkvæmt eðli máls. Trúnaðarskylda helst þótt viðkomandi láti af starfi sínu. Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang. Þjónustuaðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga í samræmi við gildandi lagaákvæði þar að lútandi.

7. gr.

Vanefndir og riftun

Verði ágreiningur milli aðila um efni og framkvæmd samnings þessa skulu aðilar leitast við að ná sáttum. Takist það ekki, er aðilum heimil uppsögn samnings þessa með þriggja mánaða fyrirvara. Ef alvarlegar vanefndir verða á efnendum samnings þessa er hvorum aðila heimilt að rifta honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannarlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr vanefndum sínum.

8. gr.

Framsal samning til þriðja aðila

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

**9. gr.
Breytingar á samningi**

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

**10. gr.
Gildistími**

Samningur þessi tekur gildi 4. janúar 2018 – 30.mars 2019. Aðilar samnings eru sammála um að stefna að þróun áframhaldandi samstarfs. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, sitt eintakið handa hvorum aðila.

Reykjavík, 21. desember 2017

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Stefanía Sörheller
verkefnastjóri

f.h. Námsflokka Reykjavíkur

Fórn Antonisdóttir
Íðunn Antonsdóttir,
forstöðumaður

Meðfylgjandi:
Stundaskrá Kvennasmiðju 21 vorönn 2018
Kennsluáætlun



Velferðarsvið, f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík (í samningi þessum nefnt þjónustukaupi) og Námsflokkar Reykjavíkur, kt. 530269-7609, Suðurlandsbraut 32,108 Reykjavík (í samningi þessum nefndir þjónustusali) gera með sér svohljóðandi:

samning um Kvennasmiðju 20

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi tekur til kennslu fyrir Kvennasmiðju 20, sem er 18 mánaða endurhæfingartilboð fyrir 14 mæður á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Kvennasmiðja 20 hefst 4. janúar 2017 og lýkur 30. júní 2018.

2. gr.

Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á V. og XIII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

Þjónustuna sem Námsflokkar Reykjavíkur taka að sér að veita ber að vinna skv. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar þann 16. maí 2006 og endurskoðun hennar samþykkt í borgarstjórn 7. maí 2013.

3. gr.

Markmið

Markmiðið er að styrkja mæður sem hafa um nokkurt skeið verið utan vinnumarkaðar og styðja þær til sjálfshjálpar. Miðað er að því að auka lífsgæði þeirra þannig að þær verði virkari í samfélaginu og öðlist bætta sjálfsmynd.

4. gr.

Þjónusta sem samið er um

Þjónustusali annast þann hluta í starfsemi Kvennasmiðju 20 sem lýtur að kennslu fyrir þátttakendur, samtals 800 kennslustundir. Kennslutímabil eru frá 4. janúar 2017 til 31. maí 2017 og frá 1. desember 2017 til 30. júní 2018.

Kennsla fer fram í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur að Suðurlandsbraut 32, fjóra virka daga í viku frá kl. 9 til 12. Seinustu sex mánuði endurhæfingartímabils fer kennsla fram fimm virka daga í viku frá kl. 9 til 12.

Kennsla fer fram í formi fyrirlestra og verkefnavinnu, auk náms- og starfsráðgjafar. Kennsla, kennslugögn, húsnæði, umsýslukostnaður og kaffi/te er innifalið í greiðslum til þjónustusala. Námsefni, framsetning og framvinda náms er sniðin að þörfum og stöðu þátttakenda. Námsáætlun og stundarskrá skal unnin í nánú samráði við ábyrgðarmenn Kvennasmiðju 20 á velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Námsflokkar Reykjavíkur skulu veita þátttakendum markvissan stuðning til að undirbúa þá til að komast í frekara nám eða út í atvinnulífið en sérstök áhersla skal vera á þessa þætti. Einnig skal vera reglulegt samstarf um daglega umsýslu verkefnisins og þau álitamál er upp kunna að koma. Séu nemendur í starfsþjálfun á meðan á námi stendur skal verkefnastjóri á skrifstofu velferðarsviðs annast nauðsynlegar tryggingar vegna þess í náinni samvinnu við Námsflokka Reykjavíkur..

Mætingar þátttakenda skulu skráðar reglulega niður og tilkynntar til ábyrgðarmanns Kvennasmiðju 20. Nemendur skulu tilkynna forföll til Námsflokka Reykjavíkur þá daga sem kennsla fer fram á þeirra vegum. Þjónustukaupi annast öflun upplýsts samþykkis þátttakenda um leyfi Námsflokka Reykjavíkur til að miðla upplýsingum um skólasókn til velferðarsviðs.

5. gr.

Greiðslur til þjónustusala og gildistími samnings

Þjónustukaupi greiðir þjónustusala kr. 7.500 fyrir hverja kennslustund, samtals 800 kennslustundir, kr. 6.000.000 á samningstímanum. Greiðslur dreifast þannig yfir tímabilið; í júní 2017 eru greiddar kr. 2.000.000 í september 2017 eru greiddar kr. 2.000.000 og febrúar 2018 eru greiddar kr. 2.000.000. Auk þess greiðir þjónustukaupi í september 2017 þjónustusala kr. 1.260.000 fyrir 168 kennslustundir í náms- og starfsráðgjöf, sérkennslu, skráningu og umsjón sbr. 4 gr. þessa samnings.

Fyrirgreindar fjárhæðir taka að öðru leyti ekki breytingum á gildistíma samningsins og eru þær ekki verð- eða vístölutryggðar. Þjónustusali sendir reikning til þjónustukaupa.

6. gr.

Trúnaðarskylda

Starfsmönnum er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglum eða samkvæmt eðli máls. Trúnaðarskylda helst þótt viðkomandi láti af starfi sínu. Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang. Þjónustuaðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga í samræmi við gildandi lagaákvæði þar að lútandi.

7. gr.

Vanefndir og riftun

Verði ágreiningur milli aðila um efni og framkvæmd samnings þessa skulu aðilar leitast við að ná sáttum. Takist það ekki, er aðilum heimil uppsögn samnings þessa með þriggja mánaða fyrirvara. Ef alvarlegar vanefndir verða á efndum samnings þessa er hvorum aðila heimilt að rifta honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannarlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr vanefndum sínum.

8. gr.

Framsal samning til þriðja aðila

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

54

at

9. gr.
Breytingar á samningi


Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

10. gr.
Gildistími


Samningur þessi tekur gildi 4. janúar 2017 og gildir til 30. júní 2018. Aðilar samnings eru sammála um að stefna að þróun áframhaldandi samstarfs. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, sitt eintakið handa hvorum aðila.

Reykjavík 24. mars 2017

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar


Stefanía Sörheller
verkefnastjóri

f.h. Námsflokka Reykjavíkur


Iðunn Antonsdóttir,
forstöðumaður

Meðfylgjandi:
Stundaskrá Kvennasmiðju 20 vorönn 2017
Kennsluáætlun
Yfirlit yfir náms- og starfsráðgjöf



Velferðarsvið, f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14 í Reykjavík, í samningi þessum nefnt þjónustukaupi og Námsflokkar Reykjavíkur, kt. 530269-7609 Suðurlandsbraut 32 í samningi þessum nefnd þjónustusali, gera með sér svohljóðandi:

Samningur um kennslu fyrir Karlasmiðju 9

1. gr. Gildissvið

Samningur þessi tekur til kennslu hjá Námsflokki Reykjavíkur, tímabilið 4. janúar 2017 - 31. desember 2017 fyrir Karlasmiðju 9 sem er 18 mánaða endurhæfingartilboð fyrir 10 karla á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

2. gr. Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á V. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

Í verkefnum þeim sem Námsflokkur Reykjavíkur tekur að sér samkvæmt samningi þessum skal unnið á grundvelli mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar þann 16. maí 2006 og endurskoðuð 7. maí 2013.

3. gr. Markmið

Markmið endurhæfingarinnar er að styrkja þá einstaklinga sem ekki hafa verið á vinnumarkaðnum um nokkurt skeið til að verða færari um að komast út á vinnumarkaðinn á ný og/eða í áframhaldandi nám. Einnig að þátttakendur verði virkari í samfélaginu, öðlist bætta sjálfsmynd og sjálfsvirðingu.

4. gr. Þjónusta sem samið er um

Þjónustusali annast þann hluta í starfsemi Karlasmiðju sem lýtur að kennslu, samtals 630 kennslustundir og fyrir náms- og starfsráðgjöf, sérkennslu og umsjón fyrir tímabilið 4. janúar 2017 - 31. desember 2017.

Kennsla fer fram í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur á Suðurlandsbraut 32, fjóra virka daga í viku, frá kl. 9 til 12 sbr. ofangreint tímabil alls er greitt fyrir 16 kennslustundir á viku og þrjár kennslustundir fyrir umsjón. Engin kennsla fer fram 16. júní 2017 - 14. ágúst 2017. Kennsla fer fram skv. stundarskrá.

Kennsla og starfsþjálfun verður einstaklingsbundin, þar sem nemendur munu fara í starfsþjálfun á vinnustaði í samræmi við áhuga og getu. Námsáætlun og stundarskrá skal unnin í nánú samráði við hópstjóra, ábyrgðarmenn Karlasmiðju á velferðarsviði Reykjavíkurborgar og stýrihóp verkefnisins.

Kennsla fer fram í formi fyrirlestra, vettvangsferða, starfsþjálfunar og verkefnavinnu, auk náms- og starfsráðgjafar. Kennsla, kennslugögn, húsnæði, umsýslukostnaður og kaffi/te er innifalið í greiðslum til þjónustusala. Námsfni, framsetning og framvinda náms er sniðin að þörfum og stöðu þátttakenda.

Reglulegt samstarf varðandi daglegan rekstur verkefnisins er við hópstjóra Karlasmiðju 9. Verkefnastjóri á skrifstofu velferðarsviðs sér um frágang tryggingamála vegna starfsþjálfunar nemenda í Karlasmiðju 9, í samstarfi við Námsflokka Reykjavíkur.

Umsýsla verkefnisins, samstarf við verkefnisstjóra á skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og fulltrúa stýrihóps, reglulega og eftir þörfum m.a. um þau álitamál er upp kunna að koma.

Mætingar skulu ávallt skráðar niður og tilkynntar til hópstjóra lok hverrar viku og oftast skv. nánara samkomulagi. Nemendur skulu tilkynna forföll til Námsflokka Reykjavíkur. Reglulegt samstarf og fundir skulu vera við hópstjóra verkefnisins, auk þess mun verkefnastjóri á velferðarsviði og framkvæmdastjóri Námsflokka Reykjavíkur funda a.m.k. einu sinni í mánuði.

5.gr. Greiðslur til þjónustusala

Þjónustukaupi greiðir þjónustusala kr. 7.500 fyrir hverja kennslustund alls 630 kennslustundir samtals kr.4.725.000. Auk þess greiðir þjónustukaupi þjónustusala kr. 750.000 fyrir 100 kennslustundir í náms- og starfsráðgjöf, sérkennslu, skráningu og umsýsningu sbr. 4 gr. þessa samnings. Fyrirgreindar fjárhæðir taka ekki breytingum á gildistíma samningsins og eru þær ekki verð- eða vísitölutryggðar. Þjónustusali sendir reikninga til þjónustukaupa.

Greiðsla alls kr 5.475.000 fer fram í tveimur jöfnum greiðslum sem verða í júní 2017 og desember 2017 .

6. gr. Vanefndir og riftun

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu þjónustukaupi og þjónustusali leitast við að jafna ágreining sinn.

Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr vanefndum sínum.

7. gr.
Trúnaður

Þjónustusala og starfsmönnum hans er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglum eða samkvæmt eðli máls. Trúnaðarskylda helst þótt viðkomandi láti af starfi sínu. Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang.

8. gr.
Framsaf samnings til þriðja aðila

Samningsaðilum er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

9. gr.
Breytingar á samningi

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

10. gr.
Gildistími


Samningur þessi tekur gildi 4. janúar 2017 og gildir til 31. desember 2017

Aðilar samnings eru sammála um að stefna að þróun áframhaldandi samstarfs.


Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, sitt eintakið handa hvorum aðila.

Reykjavík 24. mars 2017

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar


Stefánía Sörheller
verkefnastjóri

f.h. Námsflokka Reykjavíkur


Iðunn Antonsdóttir
forstöðumaður

Fylgiskjöl

1. Stundarskrá verkefnisins
2. Námslýsingar
3. Yfirlit v. starfs- og námsráðgjafar

Fylgiskjöl

1. Stundarskrá verkefnisins
2. Námslýsingar
3. Yfirlit v. starfs- og námsráðgjafar

✍



Reykjavíkurborg
fjármálaskrifstofa

Reykjavík, 16. maí 2014
R14010098
5255

Velferðasvið Reykjavíkurborgar
Bára Sigurjónsdóttir
Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Beiðni um undanþágu frá innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Á fundi innkauparáðs Reykjavíkurborgar þann 16. maí sl., var lagt fram erindi velferðasviðs Reykjavíkurborgar dags. 8. maí sl., varðandi beiðni um undanþágu á grunvelli i-liðar 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar varðandi fyrirhugaða samninga vegna kennslu í Kvennasmiðju, Karlasmiðju og Grettistaki.

Innkauparáð samþykkti erindi velferðasviðs Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllt

Jóhanna E. Hilmarsdóttir
deildarstjóri innkaupadeildar Reykjavíkurborgar



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stefanía Sörheller

Sendandi: Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir


Umsögn um samning Velferðarsviðs við Námsflokka Reykjavíkur

Vísað er til erindis dags. 03. apríl 2014 um beiðni á álitum vegna samnings við Námsflokka Reykjavíkur um kennslu í Kvenna- og Karlasmiðju og Grettistaki sem eru félagsleg endurhæfingarræði rekin á vegum Velferðarsviðs.

Með hliðsjón af þeim samningi sem Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Námsflokkar Reykjavíkur gerðu með sér þann 1. janúar 2014 til 30. júní 2015 fyrir Kvennasmiðju, samning 06. janúar 2014 til 15. júní 2014 og samning 15. ágúst 2014 til 31. desember 2014 fyrir Grettistak, samning fyrir Karlasmiðju 15. janúar 2014 til 15. júní 2014, þá hefur innkaupadeild komist að þeirri niðurstöðu að efni samningsins fellur undir félagslega þjónustu. Í skilningi orðasafns (CPV) Evrópusambandsins sbr. reglugerð EB nr. 213/2008 og reglugerð nr. 933/2010 fellur þjónustan CPV nr. 80000000-4 og 85000000-9, og sbr. VII. viðauka reglugerðar EB nr. 213/2008 þá er sú þjónusta sem fellur undir þessi CPV númer undanþegin útboðsskyldu.

Með tilvísan í ofangreint er því staðfest að efni samningsins fellur undir skilgreiningu i-liðar 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllt


Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir